

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Mosfellsbæjar 2002-2024, miðbærinn.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 25. mars 2010 staðfest breytingu á aðalskipulagi Mosfellsbæjar 2002-2024 frá 8. júlí 2003.

Breytingin felst í breyttri afmörkun hverfisverndarsvæðis á klapparholtinu Urðum, þannig að hverfisvernd á u.þ.b. 2.670 m² svæði í suðurjaðri holtsins fellur brott en stækkar að sama skapi á tveimur stöðum til norðurs. Einnig stækkar miðsvæðið að gatnamótum Langatanga og Vesturlandsvegur um 1 ha á kostnað opins svæðis til sérstakra nota.

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum hefur málsmeðferð verið í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 og Skipulagsstofnun gert tillögu til ráðherra um staðfestingu.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 25. mars 2010.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Sigríður Auður Arnardóttir.

B-deild – Útgáfud.: 29. mars 2010